

Fundur í Betadeild mánudaginn 11. febrúar kl. 19:30 haldinn í Menntaskólanum á Akureyri.

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Orð til umhugsunar
3. Fundargerð síðasta fundar lesin.
4. Erindi frá stjórn.
5. Dagskrá frá undirbúningsnefnd; Bryndís Óskarsdóttir frá Skjaldarvík er gestur fundar.
6. Önnur mál.
7. Kaffi og happdrætti (Anna Þóra Baldursdóttir fékk síðasta vinning)
8. Fundi slitið.

1. Jónína setti fund og Anna Jóhanns kveikti á kertum. Jónína bar kveðjur frá fjarstöddum, þeim Anítu og Halldóru en hún var stödd í Laos. Mættar voru 21 félagskona.

2. Ragnheiður Sigurðardóttir var með orð til umhugsunar og sagði okkur frá foreldrum sínum þeim Sigurði Guðmundssyni og Aðalbjörgu Halldórsdóttur sem bjuggu að Grenjaðarstað í Aðaldal en þau gáfu Menntaskólanum ljóðsafn sitt og er eitt herbergi í skólanum helgað þeim þar sem allar ljóðabækur þeirra eru.

3. María las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

4. Erindi frá stjórn. Björk sagði okkur frá aðalfundi landsambandsins sem verður haldinn 5. maí. Jónína las tillögur útbreiðslunefndar um inntöku nýrra félaga og urðu miklar og góðar umræður um þær. Ákveðið var að fresta þeirri umræðu frekar og bíða eftir landssambandsþinginu og sjá hvað þær ákveða þar um inntöku nýrra félaga. Þá var einnig ákveðið að taka málið upp og kjósa um tillögur útbreiðslunefndarinnar á vorfundi.

5. Bryndís Óskarsdóttir frá Skjaldarvík kom til okkar og sagði okkur frá ferðaþjónustu sem fjölskyldan rekur í Skjaldarvík við Eyjafjörð.

6. Önnur mál. Eygló sagði okkur frá Lucile Cornetet sjóðnum þar sem konur geta sótt í einstaklingsstyrk til að sinna allskonar menntandi verkefnum. Lægsti styrkur er 38.000 og sá stærsti 231.000. Yfirleitt er veittur um 100.000 styrkur. Þennan styrk er aðeins hægt að fá einu sinni úthlutað. Þessi sjóður er frekar nýr og var umfjöllun um hann á Euforia vefritinu okkar.

Þann 7. - 10. ágúst verður alþjóðarástefna í Amsterdam og ætla nokkrar konur úr Betadeild að fara á hana. Eygló ætlar senda okkur allar upplýsingar um ferðir og gistingu í tölvupósti.

Gert var kaffihlé og pyngjan látin ganga. Einnig var dregið í happadrættinu og fékk Anna Þóra Baldursdóttir vinninginn að þessu sinni.

8. Jónína þakkaði fyrir góðan fund og undirbúningsnefndinni þeim Lilju, Önnu, Ragnheiði Sig. Og Ragnheiði Stefáns fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 22:00